

FFSÍ segist ekki eiga hlut að yfirvinnubanni

Forseti FFSÍ lýsir allri ábyrgð á hendur sér FARMANNA- og fiskimannasamband Íslands eða framkvæmdastjórn þess hefur ritað Vinnuveitendasambandi Íslands bréf, sem svar við bréfi VSI um yfirvinnubann yfirmanna á farskipum. Þar heldur VSI því fram að um lagabrot og samningsbrot sé að ræða. Í bréfi Farmannasambandsins segir að framkvæmdastjórn sambandsins láti staðhæfingum VSI ósvarað, en bendir á að yfirvinnubannið og þær aðgerðir, sem farmenn hafi gripið til séu „án tilhlutunar framkvæmdastjórnar sambandsins“.

Morgunblaðið leitaði í gær skýringu á þessu hjá Ingólfi Ingólfsyni, forseta FFSÍ. Ingólfur sagði að bréf Vinnuveitendasambandsins hafi verið formleg mótmæli þeirra til FFSÍ vegna þessara aðgerða. „Þessar aðgerðir eru ekki að formi til, né heldur að efni gerðar að tilhlutan samtakanna, hvorki Farmanna- og fiskimannasambandsins, né heldur einstakra aðildarfélaga sambandsins, stjórna þeirra eða stofnana. Þar af leiðandi er svar okkar eins stutt og mótmæli VSI, því að þar er einungis um að ræða formlegt svar en ekki efnislegt. Í fyrsta lagi mótmælir VSI þessu sem broti á kjarasamningi og í öðru lagi sem broti á lögum. Við hljótum að svara þar sem skírskotað er til stjórnar sambandsins þannig að við leggjum ekki dóm á eða mat á þá staðhæfingu að um lagabrot sé að ræða eða samningsbrot. Sambandið er ekki beinn aðili að samningnum sem slíkt og ber því ekki að eiga við það um þá hluti.“

Morgunblaðið spurði Ingólfur hver sá aðili það væri, sem þá bæri ábyrgð á samþykkt fundar farmanna. Hann svaraði: „Ég er formlegur aðili þar að. Ég boðaði til fundarins, sem formaður samninganefndar og fundurinn er boðaður að ákvörðun samninganefndarinnar og ég mælti fyrir hennar hönd á fundinum. Fundurinn er boðaður öllum þessara 5 félaga, en þær ályktanir, sem þar eru gerðar eru tillögur sem fram koma á fundinum. Við engan er að sakast nema þá menn sem sátu fundinn, hvern og einn eða saman alla og hafi einhver til saka unnið í

Lézt af völdum reykeitrunar

LÁTINN er á gjörgæzludeild Borgarspítalans Hilmar J. Lúthersson, sem hlaut alvarlega reykeitrun þegar eldur kom upp í íbúðarherbergi hans að Blöndubakka 3, Reykjavík, að morgni 2. júní s.l. Hann komst aldrei til meðvitundar. Hilmar heitinn var 58 ára gamall, fæddur 3. janúar 1921.

„Viðskiptaráðherra fari tafarlaust til Rússlands“

— segir Sighvatur Björgvinsson

„MÉR ER nú ekki kunnugt um málið, en mér finnst það vera orðið eitt af þýðingarmestu viðfangsefnum ríkisstjórnarinnar, að menn þar taki upp þá reglu að hugsa áður en þeir tala.“ sagði Sighvatur Björgvinsson formaður þingflokks Alþýðuflokksins í samtali við Morgunblaðið í gær, er hann var spurður um þær viðræður er verið hafa í gangi milli viðskiptaráðuneytisins og sovéska sendiráðsins um olúkaup.

„Þessi munþræpa manna þar er ekki farin að ná nokkurri átt lengur,“ sagði Sighvatur ennfremur. „Menn eru nú nýkomnir úr bráðabirgðalagasetningu með stórkostlegar yfirlýsingar í blöðum um hluti sem eru algjörlega óræddir og á frumathugunarstigi.“

Menn eru að hlaupa með stórrýrtar yfirlýsingar í blöð um að þetta þurfi að afgreiddast á næstu dögum, þannig að þessi óstöðvandi

málinu með því að efna til fundarins, þá er það ég. Ég lýsi mig því ábyrgan fyrir því að fundurinn skyldi haldinn, sem ályktunina gerði.“

„Ber þá að stefna þér fyrir Félagsdóm og er hægt að stefna einstaklingi fyrir þann dóm?“ spurði Morgunblaðið.

„Já það ber að stefna mér,“ sagði Ingólfur, „og það mega þeir auðvitað reyna og hefur hver sinn rétt til að halda fram sínum rétti á þeim stað sem honum ber, en Félagsdómur hefur ekki það

hlutverk að skera úr um þennan ágreining. Þar brestur allt til. En verði einhver ábyrgur fyrir fundinum, þá er það ég fyrir það að hafa til hans boðað.“

Ingólfur kvað aðgerðir farmanna hafa sem betur fer gengið áreksralaust, en „merkilegt er það, af því að mjög hefur verið um það rætt hvíllur bagi og ógn verfall okkar væri, fyrir útflutningsmarkaði, því hef jafnvel ég trúað, að nú eru meira að segja frystiskipin send til útlanda tóm til þess að sækja bíla. Fer t.d. Hofsjökull á morgun tómur utan til Evrópu til þess að sækja bíla. Þá eru ekki útflutningsmarkaðir í stórhættu, heldur einhver annar markaður, sem hefur meiri þarfir. Öll þau skip, sem farin eru frá landinu, hafa farið tóm til þess að færa varning heim, en ekkert þeirra til að færa það frá landinu, sem okkur var sagt að þyrfti svo brýnan flutning.“

Ríkisstjórnin ræðir tekjuöflunarmöguleika:

Hátekjuskattur ekki inni í myndinni fyrr en um áramót

OLÍUMÁLIN voru rædd á ríkisstjórnarfundum í gær á mjög breiðum grundvelli, að sögn Magnúsar H. Magnússonar, félagsmálaráðherra. Hins vegar voru engar ákvarðanir teknar á fundinum og sagði Magnús að áfram yrði haldið umræðu um þessi mál á ríkisstjórnarfundum á mánudag. Menn munu vera að reyna að gera sér grein fyrir því hve stór vandinn er og hvað væri helzt til úrbóta.

Magnús kvað bæði rætt um að afla fjár til niðurgreiðslu á olúverði með tveimur nýjum söluskattstigum, gjaldi af innflutningi og fleiri fjárflokkum, en engin ákvörðun liggur fyrir um hvaða leið skuli valin. Þá

hefur og verið rætt um hugsanlega breytingu á innkaupum.

Olúkaupin frá Sovét:

Venjulegar viðræður í gangi

VIÐRÆÐUR hafa verið í gangi milli viðskiptaráðuneytisins og viðskiptafultrúa Sovétríkjanna sem hefur aðsetur hér á landi, um olúkaup Íslendinga frá Sovétríkjunum, að því er Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu sagði í samtali við Morgunblaðið í gær.

Sagði Þórhallur að viðræður af þessu tagi um verslunarmál, ættu sér mjög oft stað, og þar af leiðandi um olúumál líka. Sagði Þórhallur að þetta vandamál hefði marg oft verið rætt, og væri

Þá kvað ráðherra talsvert hafa verið rætt um hátekjuskatt, en hann kvað alla vera

ekkert sérstakt um það að segja núna. Sagði Þórhallur aðeins að þetta væri mál sem alltaf væri til umræðu, ekki hvað síst þegar einhverjir erfiðleikar kæmu upp. En þær viðræður sem að undanförunu hafa farið fram eru aðeins venjulegar viðræður, og eðlileg samskipti viðskiptaráðuneytisins og viðskiptafultrúans. Vildi Þórhallur ekkert annað um málið segja, ekki um hvað hefði verið rætt, né hvort viðskiptaráðherra, Svavar Gestsson, hefði tekið þátt í viðræðunum.



Karl Kvaran við verk sem hann nefnir „Hjartavernd“

Karl Kvaran á Kjarvalsstöðum

KARL Kvaran opnar málverka-sýningu að Kjarvalsstöðum laugardaginn 23. júní klukkan 14. Á sýningunni eru 39 olú-málverk og 2 vatnslitamyndir.

Karl hefur sýnt víða erlendis á samsýningum, en einkasýningar hans hérlendis eru nú orðnar tíu talsins. Síðasta einkasýning hans var fyrir 5 árum í Norræna húsinu, og eru myndirnar á þessari sýningu málaðar á síðustu 5 árum.

Karl stundaði nám við Lista-

akademíuna í Kaupmannahöfn árin '45—'48, og var hér á árunum áður meðlimur í hópi þeim sem stóð fyrir svonefndum Septembersýningum, og var þess vegna nefndur Septemberhópurinn. Eða eins og Karl sagði sjálfur: „Þá var maður skammaður, og það er alltaf verið að skamma mann — annars væri ekkert gaman að þessu.“

Sýningin er í vestursal Kjarvalsstaða og er opin frá kl. 2 til 10 alla daga. Sýningunni lýkur sunnudaginn 1. júlí.

orðna sammála um að til hans yrði ekki gripið fyrr en um áramót og hann gæti ekki gengið í gildi fyrr. Því kvað hann hátekjuskatt og hátekjuútsvar vera út úr myndinni í sumar. Yrði tekin ákvörðun um að leggja á hátekjuskatta, myndu þeir því ekki taka gildi fyrr en frá áramótum.

Miklubrautarmálið:

Dæmdur í 16 ára fangelsi

HÆSTIRÉTTUR dæmdi í gær í máli ákærvaldsins gegn Ásgeiri Ingólfssyni, sem varð Lovísu Kristjánadóttur að bana í húsinu Miklubraut 26 í Reykjavík hinn 26. ágúst 1976. Voru ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða staðfest, en hann hafði verið dæmdur í 16 ára fangelsi í sakadómni Reykjavíkur. Ásgeiri var ennfremur gefið að sök að hafa brotist inn í skrifstofu Vélsmíðjunnar Héðins hf. í nóvember 1975 og haft þaðan á brott með sér umtalsverð verðmæti.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu 20. apríl 1977 var dómi í málinu áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á dómnum, þ.e. ævilangs fangelsis en síðar fyrir Hæstarétti krafðist ríkissaksóknari þess að dómur sakadóms yrði staðfestur.

Dóminn kváðu upp hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarrsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Dómsorð Hæstaréttar voru þessi: „Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Ásgeirs Ingólfssonar, á að vera óraskað.“

Gæsluvarðhaldsvist hans frá 28. ágúst 1976 skal koma refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar eiga að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið saksóknaralaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmans, 500.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.“

áður en menn fara að ræða um að leggja stórkostlegar byrðar á þjóðina með einhvers konar skattlagningu, eða með öðrum hætti, þá eiga menn að ganga úr skugga um það fyrst, í mikilli alvöru, hvort ekki sé hægt að komast hjá því. Við núverandi aðstæður held ég að ekki sé um annað að ræða en viðskiptaráðherra sé beðinn að fara umsvifalaust til Rússlands og óska eftir því, að fá svör við því frá Rússum, hvort þeir séu ekki reiðubúnir til að endurskoða olúsamninginn við okkur þannig að getum notið þessum efnun og önnur ríki á vesturhveli jarðar. Hitt vil ég einnig segja, að ég er mjög ánægður með það frumkvæði sem utanríkisráðherra hefur tekið í málinu.

Nú þá má einnig bæta því við, að menn hafa verið að ræða um það, að ferðir af því tagi sem ég

nefni að viðskiptaráðherra takist á hendur, verði árangurslausar, vegna þess að Rússar séu ekki reiðubúnir til að endurskoða samninginn. Ég hef hins vegar ekki nokkra ástæðu til að halda annað en það fáist í gegn, verði það reynt, því eiga menn ekki að vera með fullyrðingar um þessi mál, heldur eiga staðreyndirnar að tala. Ég fæ ekki séð annað en ríkisstjórnin og viðskiptaráðherra verði að leggja sig í framkróka um öll önnur ráð en að leggja auknar byrðar á þjóðina. Eitt af þeim ráðum er að fá úr því skorið hvort Rússar séu ekki reiðubúnir til að láta okkur njóta eðlilegra viðskiptakjara í sambandi við olúkaupin. Til þess á viðskiptaráðherra að fara tafarlaust til Moskvu,“ sagði Sighvatur Björgvinsson að lokum í samtali við blaðamenn Morgunblaðsins síðdegis í gær.